

Lilja Rós Pálsdóttir

**Vægi lögskýringargagna við túlkun
lagaákvæða í dómum Hæstaréttar á
sviði refsiréttar**

-BA ritgerð í lögfræði -



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsjónarkennari: Margrét María Grétarsdóttir

Lagadeild Háskóla Íslands

Júní 2010

Lilja Rós Pálsdóttir

**Vægi lögskýringargagna við túlkun
lagaákvæða í dómum Hæstaréttar á
sviði refsiréttar**

-BA ritgerð í lögfræði -



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsjónarkennari: Margrét María Grétarsdóttir

Lagadeild Háskóla Íslands

Júní 2010

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	4
2	Lögskýringarfræði	5
3	Lögskýringargögn	8
3.1	Hugtakið lögskýringargögn og tegundir	8
3.2	Rök með og á móti notkun lögskýringargagna	10
3.2.1	Rökin með notkun lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða	10
3.2.2	Rökin gegn notkun lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða	11
4	Vægi lögskýringargagna við túlkun refsíákvæða	12
4.1	Almennt	12
4.2	Meginreglan um lögbundnar refsheimildir og meginreglan um skýrleika refsheimilda	14
4.3	Túlkunarregla refsiréttar	16
4.4	Dómar Hæstaréttar Íslands (út frá beitingu lögskýringargagna)	18
4.4.1	Vægi lögskýringargagna við túlkun matskenndra lagaákvæða	18
4.4.2	Dómar varðandi meginregluna um skýrleika refsheimilda	23
5	Niðurstöður	26
	Heimildaskrá	28
	Dómaskrá	29

1 Inngangur

Íslensk stjórnskipun hefur það að grundvallarreglu að mönnum sé aðeins refsað samkvæmt heimild í settum réttarreglum frá Alþingi eða í almennum stjórnvaldsfyrirmælum sem eiga þá ótvíræða stoð í lögum. Reglan *grunnregla um lögbundnar refsheimildir að stjórnlögum* er að finna í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir skammstöfuð stj. skrá.) sbr. 7. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Reglan hefur einnig verið talin leiða af 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir skammstöfuð MSE), sem hefur lagagildi hér á landi sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994 og 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir skammstöfuð hgl).¹

Líkt og heiti ritgerðarinnar ber með sér verður leitast við að skoða hvaða vægi lögskýringargögnum er gefið við túlkun lagaákvæðis í dómum Hæstaréttar á sviði refsiréttar. Til að komast að því verður einnig farið almennt í lögskýringarferlið. Við túlkun lagaákvæðis er beitt svokallaðri lögskýringaraðferð fyrir allt ferlið í heild sinni, það skiptist í 1) val á lagaákvæði 2) afmörkun á merkingarfræðilegum ramma lagaákvæðis (innra samhengi lagaákvæðis) 3) val á lögskýringarsjónarmiðum (ytra samhengi lagaákvæðis) og að lokum 4) val á lögskýringarleið.²

Markmið ritgerðarinnar er að kanna hversu mikið litið er til lögskýringargagna við túlkun refsíákvæða og hvort vægi þess að líta til þeirra sé breytilegt eftir málefnasviði lagaákvæðis. Greining á því kann að skipta máli í ljósi þess að refsíákvæði eru íþyngjandi og getur því verið takmarkaðra svigrúm að líta til lögskýringargagna við túlkun þeirra.³ Við skoðun á þessu verður helst litið til úrlausna dóma Hæstaréttar á sviði refsiréttar. Einnig verður skoðað hvaða áhrif, ef einhver, meginreglurnar um lögbundnar refsheimildir og skýrleika refsheimilda hafa á vægi lögskýringargagna við túlkun refsíákvæða í dómum Hæstaréttar. Í samhengi við það verður síðan skoðað hvort úrlausnir réttarins gefi skýr svör um það í ljósi túlkunarreglunnar hvort heimilt sé frekar að líta til lögskýringargagna þegar lagaákvæði er sakborning í hag.

Ritgerðin hefst á almennri umfjöllun um lögskýringarfræði og í tengslum við það um innra og ytra samhengi lagaákvæðis. Þriðja kafla er skipt í tvennt og hefst hann á því að fjallað er um hugtakið lögskýringargögn og tegundir þeirra, í seinni hluta hans eru síðan færð rök með og á móti notkun lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða. Vægi lögskýringargagna

¹ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 6.

² Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 24.

³ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 148.

við túlkun refsíákvæða er viðfangsefni fjórða kafla og verður þar skýrt frá meginreglunum um lögbundnar refsheimildir og skýrleika refsheimilda og einnig túlkunarreglu refsiréttar og verður í kjölfar þessa skoðaðir dómar Hæstaréttar út frá beitingu lögskýringargagna. Að lokum verða niðurstöður dregnar saman í fimmta kafla.

2 Lögskýringarfræði

Lögskýringarfræði leitast við að lýsa þeirri aðferð sem notuð er í réttarframkvæmd við úrlausn lagalegs ágreinings, en samhliða því er í hverju tilfelli tekin afstaða til merkingar lagaákvæðis.⁴ Með þessu er ekki verið að ákvarða hvaða aðferð er rétt eða röng í hverju tilfelli fyrir sig heldur einungis verið að staðreyna að ákveðin aðferð sé í reynd notuð þegar leysa á úr lagalegu ágreiningsmáli, að þessu leyti eru lögskýringarfræði deskriptíf eða lýsandi.⁵

Þegar túlka á lagaákvæði verður að skoða samhengi þess, en með samhengi er átt við öll þau sjónarmið og upplýsingar sem alla jafna geta haft áhrif við túlkunina.⁶ Lögskýring er samkvæmt lögfræðiorðabók skilgreind sem aðferð til að ákvarða efnislegt inntak lagaákvæðis þegar skera þarf úr því hvort það eigi við þann réttarágreining sem til úrlausnar er hverju sinni.⁷

Samhengi lagaákvæðis er tvískipt. Annars vegar innra samhengi en í því felst merkingar-, rökfræðileg og setningarfræðileg afmörkun orða og hugtaka og hins vegar ytra samhengi, en það horfir út fyrir lagaákvæðið sjálft eins og á lögskýringargögn, markmið lagaákvæðis, aðdraganda þess og tilurð, einnig er litið til meginreglna laga í ljósi eðlis lagaákvæðis.⁸

Innra samhengi lagaákvæðis felur í sér textaskýringu eða afmörkun á merkingarfræðilegum ramma lagaákvæðis.⁹ Í því felst að reynt er að skýra settan lagatexta til að ljá honum merkingu því ef það er enginn til að túlka textann hefur hann enga merkingu. Ef skoðaður er hinn merkingarfræðilegi rammi lagaákvæðis felur hann í sér, að þar sem lögskýring byggir á því að túlka þann texta sem fyrir liggur, að skoða verður merkingu einstakra orða, hugtaka og orðatiltækja í lagaákvæðum, bæði á málfræðilega og setningarfræðilega vísu.¹⁰ Með þessu er verið að takmarka hversu langt megi ganga í hverju

⁴ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 20-21.

⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 21.

⁶ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 49.

⁷ Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók, með skýringum*, bls. 270.

⁸ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 49-50.

⁹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 59-60.

¹⁰ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 455.

tilfelli fyrir sig við að ljá lagaákvæði ákveðna merkingu.¹¹ Hefðir og málvenjur í hverju samfélagi hafa ávallt áhrif á hvernig lagatexti er túlkaður og hvernig á að beita honum.¹² Allar reglur eða orð eru óræð að einhverju leyti og regla getur verið óræð allt frá orðalagi matskennds lagaákvæðis til ákvörðunar refsingar með hæstu og lægstu refsímörkum. Má nefna sem dæmi þær reglur sem vísa í siðferðislegt gildismat, slíkt mat getur ekki stuðst við það sem almennt er viðurkennt nema með einhverskonar skýringu og er þá litið til lögskýringargagna, fordæma eða dómvenju.¹³ Við túlkun lagaákvæðis er ekki eingöngu hægt að styðjast við almenna málvenju, en eftir að lagaleg skoðun hefur verið unnin má hafa hana til hliðsjónar.¹⁴ Í innra samhengi lagaákvæðis er einnig að finna samræmisskýringu sem skiptist í innri og ytri samræmisskýringu. Í innri samræmisskýringu er orðum eða hugtökum í sama lagabálki gefin sama merking,¹⁵ en í ytri samræmisskýringu er oft að finna samsvarandi orð, hugtök, orðasambönd eða efnisreglur í mismunandi lagabálkum.¹⁶

Í ytra samhengi lagaákvæðis er „litið til þeirra gagna og sjónarmiða sem standa utan við texta ákvæðisins, sem almennt er viðurkennt að geti haft þýðingu við túlkun lagaákvæða“.¹⁷ Oft er fjallað um tvær ólíkar lögskýringarkenningar í hinu ytra samhengi en þær eru hlutrænar og huglægar lögskýringarkenningar. Í þeim er verið að deila um hvar vilja löggjafans sé að finna og hvaða vægi hann eigi að hafa við túlkun lagaákvæða.¹⁸

Ef skoðaðar eru huglægar lögskýringarkenningar þá fela þær í sér að leita þarf að vilja löggjafans út frá lögskýringargögnum og „beri að beita lögnum í samræmi við vilja löggjafans“¹⁹, en beri vilji löggjafans og lögskýringargögn ekki saman hefur vilji löggjafans meira vægi við túlkun lagaákvæðis.²⁰ Í hlutrænum lögskýringum er þessari kenningu hafnað. Þeir sem aðhyllast hlutrænar lögskýringarkenningar álíta að það eigi að fylgja fremur orðum laga en löggjafarvilja. Einungis eigi að byggja á löggjafarviljanum ef hann kemur skýrt fram í lagaákvæði.²¹ Það sem skilur á milli huglægra og hlutlægra túlkunarkenninga er mismunandi afstaða þeirra til þess hversu mikið eigi að líta til lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða og nánari útskýringar á einstökum atriðum.²²

¹¹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 60.

¹² Aulis Aarnio: „On the Semantic Ambiguity and Legal Interpretation“ bls. 25.

¹³ Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 93.

¹⁴ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 68.

¹⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 83.

¹⁶ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 89.

¹⁷ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 93.

¹⁸ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 94.

¹⁹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 94.

²⁰ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 94.

²¹ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 376.

²² Alf Ross: *Om ret og retfærdighed*, bls. 166.

Þegar verið er að túlka refsíákvæði eiga sömu sjónarmiðin við og almennt við túlkun lagaákvæða. Reglan er sú að til að finna út hvaða lögskýringarleið eigi að beita og ef það á að byggja á settum lögum eins og venjan er í refsímálum, þá ber að kanna öll gögn sem geta veitt upplýsingar um hvernig lagaákvæði varð til og hvert sé efni þess.²³ En í þessu felst að horfa verður til innra og ytra samhengis lagaákvæðis. Í ljósi þessa segir:

Við túlkun lagaákvæðis verður að meta hverju sinni í samræmi við áskilnaðinn um að heildstætt mat fari fram á samhengi lagaákvæðis, hvort rök standi til þess að byggja á þeim upplýsingum sem birtast í lögskýringargögnum þegar metið er hvort tilvik falli undir lagaákvæði. Lagaákvæði hlýtur að lágmarki að endurspeglar tiltekna viljaafstöðu um gildi ákvæðisins sem almennt viðurkenndrar réttarheimildar er hafa á áhrif á mannlega breytni eða skipulag í samfélaginu. Ágreiningur um hvort tilvik falli undir lagaákvæði verður því sjaldan leiddur með fullnægjandi hætti til lykta án þess að lögskýringargögn að baki lagaákvæðinu hafi að minnsta kosti verið könnuð og afstaða tekin til þeirra upplýsinga sem þar koma fram.²⁴

Því er mikilvægt að fjalla um hvernig á að nota slík gögn og hvort upplýsingar úr þeim hafi þýðingu við afmörkun á ytra samhengi lagaákvæðis.²⁵

Þegar farið hefur fram heildarmat á samhengi lagaákvæðis er komið að því að velja á milli þeirra túlkunarkosta sem í boði eru, þetta kallast val á lögskýringarleið.²⁶ Er lögskýringarleiðunum skipt í þrennt, almenna lögskýringu, rýmkaði lögskýringu og þrengjandi lögskýringu.²⁷

Almenn lögskýring er skýrð svo að það sé sú lögskýringarleið sem er valin, þegar ekki er vafi út frá textaskýringu, að tilvik falli undir lagaákvæði. Einnig er hún valin þegar mat á textaskýringu og heildarmat á samhengi leiðir til þess að ekki er lengur sá vafi sem áður var til staðar. Í þessu felst að í raun fellur tilvikið undir ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan.²⁸

Í hinni rýmkaði lögskýringu felst, þegar vafi er um merkingu ákvæðis að það er látið falla undir ákvæðið að loknu heildarmati á innra og ytra samhengi. Einnig getur verið heimilt að beita hinni rýmkaði lögskýringu og víkja frá merkingu ákvæðis en þá þurfa að vera sérstök og knýjandi rök fyrir því.²⁹

Hin þrengjandi lögskýring felur í sér að þegar búið að fara fram heildarmat á samhengi lagaákvæðis er tilvik látið falla utan þess. Í hinni þrengjandi lögskýringu er heimilt að túlka

²³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 209-210.

²⁴ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 97.

²⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 98.

²⁶ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 277.

²⁷ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 277.

²⁸ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 283.

²⁹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 296.

lagaákvæði þröngt ef sérstök rök eru fyrir því að loknu heildarmati á samhengi, þó verið sé með því að víkja frá því sem leiðir af textaskýringu.³⁰

Í refsirétti fer einnig fram mat á innra og ytra samhengi lagaákvæðis en þó eru aðeins öðruvísi sjónarmið varðandi túlkun þar sem venjan er að beita hinni þröngu lögskýringu frekar en hinni rúmu.³¹ Fyrirnefnt má leiða af túlkunarreglu refsiréttar, en það er grundvallarregla í réttarríki (Rule of law) að lög séu fyrirsjáanleg og skýr, einnig að borgarar geti séð fyrir hvaða háttsemi er bönnuð.³²

3 Lögskýringargögn

3.1 Hugtakið lögskýringargögn og tegundir

Þegar verið er að túlka lagaákvæði dugar skammt að skoða eingöngu lagatextann og orðin sem í honum eru. Það verður einnig að líta til annarra atriða, til að mynda hver var tilgangur löggjafans þegar löggin voru samin og hvaða straumar voru ráðandi í þjóðfélaginu á þeim tíma. Þetta er hið ytra samhengi lagaákvæðis og er það öðru nafni kallað, lögskýringargögn.³³

Davíð Þór Björgvinsson skilgreinir hugtakið lögskýringargögn svo:

Frá málvarslegu sjónarmiði virðist rökrétt að nota heildarheitið *lögskýringargögn* um öll þau gögn sem dómstólar nota í reynd og hafa notað til að styðja við niðurstöðu sína um það hvernig skýra beri lagaákvæði á hinn bóginn er það einnig ljóst að yfirleitt þegar minnst er á lögskýringar í dómum er með því orði vísað til gagna sem í erlendum dómum og fræðiritum falla undir franska heitið *travaux préparatoires* sem telja má hluta af alþjóðlegum lögfræðilegum orðaforða. Merking þess er aftur á móti þröngri en ætla mætti af íslenska orðinu „lögskýringargögn“ enda tekur franska orðasambandið, eins og orðin gefa til kynna, til vinnuskjala og gagna sem standa í nánnum tengslum við undirbúning og setningu viðkomandi laga (eða samþykkt alþjóðasáttmála).³⁴

Róbert R. Spanó skilgreinir hugtakið lögskýringargögn með þeim hætti að í fyrsta lagi sé um að ræða undirbúningsgögn sem eru útbúin með lagasetningu, í formi skýrslna, greinargerða og samningu lagafrumvarps. Í öðru lagi fellir hann undir hugtakið þau gögn sem útbúin eru á Alþingi við meðferð lagafrumvarps, þar undir falla álit þingnefnda og eftir tilvikum umsagnir hagsmunaaðila. Í þriðja lagi falla undir hugtakið upplýsingar um efni lagafrumvarps en í þeim felast framsöguræður flutningsmanna frumvarpa og umræður þingmanna.³⁵ Í riti sínu *Túlkun lagaákvæða* byggir Róbert R. Spanó hugtakið

³⁰ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 332.

³¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaðbyrgð I*, bls. 210.

³² Skúli Magnússon: „Túlkun laga og vilji löggjafans“, bls. 371.

³³ Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti*, bls. 119-120.

³⁴ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 49.

³⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 98.

lögskýringargögn á þrengri skilning hugtaksins en rök hans fyrir því eru bæði fræðileg og hagnýt. Í fyrsta lagi virðist af athugun hans sem í dómaframkvæmd og orðræðu íslenskra lögfræðinga sé byggt á orðinu í þrengri merkingu. Er því rökréttast að notast við það hugtak sem virðist hljóta hljómgrunn í réttarframkvæmd, skrifum fræðimanna og í rökræðu á milli íslenskra lögfræðinga. Í öðru lagi virðist fræðilega betur stætt að gera mun á þeim gögnum sem eru náskyld samningu lagaákvæðis og gefa jafnvel vísbendingu um löggjafarviljann og öðrum heimildum sem frekar er litið til þegar ágreiningur er um úrlausn við túlkun lagaákvæðis.³⁶

Ármann Snævarr hefur skilgreint hugtakið svo:

Með lögskýringargögnum er átt við þau „lagaatriði og fræðslulindir, sem helst geta veitt vitneskju um löggjafarviljann svonefnda eða viðhorf lagasetningarvalds við tilteknu lagaákvæði er skýra á“.³⁷

Þessi ritgerð byggir á lögskýringargögnum í þrengri merkingu. Undir tegundir lögskýringargagna falla undirbúningsgögn en með þeim er átt við öll gögn sem stuðst er við, við gerð lagafrumvarps. Viðurkennt er að heimilt sé að líta til markmiðs, tilurðar, forsendna eða aðdraganda að samningu laga.³⁸ Lögskýringargögnum í þrengri merkingu hefur verið skipt upp í nokkra hluta og má þar helst nefna.

Greinargerðir en þær hafa mikið vægi við túlkun lagaákvæða þó það séu ekki Alþingismenn sjálfir sem semja þær. Í greinargerðum er hægt að fá meiri innsýn inn í hver var tilgangur með samningu laga heldur en hægt er að sjá til dæmis í umræðum á Alþingi.³⁹

Greinargerðir á sviði refsilaga gegna sama hlutverki og á öðrum réttarsviðum, þó að það sem komi fram í greinargerð sé skýrt og enginn vafi um merkingu þess, eru dómstólar þó ekki bundnir við að fylgja því, en þó hafa þær mikið leiðbeiningargildi.⁴⁰ Auknar kröfur eru nú gerðar til greinargerða og verður að telja margar þeirra ansi ítarlegar og mætti nánast jafna þeim við fræðilegar ritgerðir.⁴¹

Nefndarálit í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis (hér eftir skammstöfuð þskl.) segir að á Alþingi starfi 12 fastanefndir.⁴² Í 1. mgr. 23. gr. þskl. segir að

³⁶ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 100.

³⁷ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 379.

³⁸ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 100-102.

³⁹ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 375-376.

⁴⁰ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 216.

⁴¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 216.

⁴² Þær eru: 1. Allsherjarnefnd. 2. Efnahags- og skattanefnd. 3. Félags- og tryggingamálanefnd. 4. Fjárlaganefnd. 5. Heilbrigðisnefnd. 6. Iðnaðarnefnd. 7. Menntamálanefnd. 8. Samgöngunefnd. 9. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. 10. Umhverfisnefnd. 11. Utanríkismálanefnd. 12. Viðskiptanefnd.

til fastanefnda geti þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd ihugi.

Þegar skoðaðar eru *umræður á Alþingi* verður að skoða 44. gr. stj. skrá. en í ákvæðinu segir að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi sbr. 37. gr. þskl. Við lögskýringar er ekki mikið byggt á ummælum sem fram fara við meðferð laga á þingi, en þó eru einhver dæmi um það.⁴³ Einnig mætti nefna skýrslur, álitsgerðir, breytingartillögur þingnefnda Alþingis og framsöguræður en allt upptalið telst til lögskýringargagna í þrengri merkingu.

3.2 Rök með og á móti notkun lögskýringargagna

Það verður að telja í ljósi réttarframkvæmdar og skrifa fræðimanna hér á landi að heimilt sé við túlkun lagaákvæðis að líta til lögskýringargagna. En eins og endranær við val á lögskýringaraðferð þarf að meta hvort það séu einhver réttlætungarsjónarmið sem mæla með því að nota lögskýringargögn við túlkun lagaákvæðis og ef þau eru fyrir hendi, hver eru þau þá. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt í ljósi þess eins og fram kemur síðar í ritgerðinni að það standa einnig veigamikil rök gegn notkun lögskýringargagna.⁴⁴

3.2.1 Rökin með notkun lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða

Skipta má rökum með notkun lögskýringargagna í þrennt. Fyrst eru það stjórnspekilugar röksemdir en þær bera með sér að heimilt sé að líta til lögskýringargagna, en til þess að lagaákvæði verði til þarf ásetningur að vera fyrir hendi hjá þeim sem fara með vald til að setja reglur með setningu slíkra ákvæða.⁴⁵ Rök hafa verið færð fyrir því að það standist ekki:

Heilbrigða skynsemi að tilteknir menn hafi það hlutverk, innan marka tiltekinnar stofnunar, að setja samfélaginu reglur ef það skiptir engu máli hver ætlun þeirra er með viðkomandi reglum. Ef ekkert mark (sé) tekið á vilja þeirra sem falið hefur verið að setja samfélaginu reglur eru aðstæður svipaðar og kylfa sé látin ráða kasti við lagasetningu. Ef við viðurkennum gildi virks löggjafarvalds á annað borð (sé) ljóst að vilji löggjafans á að skipta máli við lögskýringu.⁴⁶

Þar sem lagaákvæði er viljayfirlýsing er því rétt og heimilt samkvæmt þessu að líta til allra fyrirliggjandi gagna og upplýsinga við túlkun þess þegar leitast er við að finna viðhorf þau sem ráðandi voru þegar lagaákvæði var samþykkt.

Í annan stað er um að ræða lýðræðisröksemd, en Ísland er lýðræðisríki og á Alþingi sitja menn sem eru kosnir af almenningi sem fulltrúar þeirra. Þar af leiðandi er rökréttast þegar túlka á lagaákvæði að byggja á vilja meirihlutans. Ef vafi er á um túlkun ákvæðis og til eru

⁴³ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 395.

⁴⁴ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 116.

⁴⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 117-118.

⁴⁶ Skúli Magnússon: „Túlkun laga og vilji löggjafans“, bls. 364-365.

gögn sem sýna hvað meirihluti vildi, er nánast skylda í lýðræðisríki að byggja á vilja löggjafans og til þess þarf að skoða lögskýringargögn.⁴⁷

Í þriðja lagi ber að skoða hagnýtar röksemdir, byggðum á réttaröryggi og greiningu valds - formgreiningu réttarríkishugtaksins, en þær byggja ekki á því að lagaákvæði sé viljayfirlýsing. Tengjast þær réttaröryggi og greiningu valds.⁴⁸ Oft skapast ágreiningur um hvernig beri að túlka lagaákvæði og verður að leysa hann með sátt, af þessu verður dregið að túlkun er liður í lögfræðilegri röksemdarfærslu. Varðandi þetta skiptir máli hver það er sem á að túlka lagaákvæði og að viðkomandi njóti trausts í samfélaginu og dregin séu mörk varðandi svigrúm til að draga inn í túlkunina atriði sem koma að gagni eða eru málinu ekki viðkomandi. Af þessu leiðir að ef með öllu er hafnað að horfa til lögskýringargagna er í reynd verið að rýmka það svigrúm sem dómara eða aðrir hafa til að leysa úr ágreiningi varðandi túlkun lagaákvæða.⁴⁹ Ef heimilt væri að leggja mat á upplýsingar sem koma fram í lögskýringargögnum er verið að takmarka svigrúm þess sem túlkar lagaákvæðin og þar með er réttaröryggi þegna einnig takmarkað.⁵⁰

Því hefur verið haldið fram til stuðnings því að líta beri á lögskýringargögn að ef sú heimild væri fyrir hendi þá myndi það hafa áhrif á lagasmíð og löggjafartækni, því ef löggjafinn gæti treyst að litið væri til lögskýringargagna þá gæti hann stýtt lagabálkana og gert þá auðlesnari.⁵¹

3.2.2 Rökin gegn notkun lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða

Rökum gegn notkun lögskýringargagna er einnig skipt í þrennt, en með því er svarað lið fyrir lið þeim rökum sem eru með notkun þeirra.

Hvað varðar mótrök gegn stjórnspekilegum röksemdum þá hefur því verið haldið fram annars vegar að þó hægt sé að finna lagavilja í lagaákvæði sé það ekki það sama og að hann sé að finna í lögskýringargögnum. Hins vegar hefur því verið haldið fram og með því í raun gengið enn lengra en að framan greinir að löggjafarvilji sé eitthvað sem sé í raun ekki til.⁵² Ef heimilt væri að líta til lögskýringargagna, þegar lagaákvæði væri ekki nógu skýrt og könnun á þeim myndi ekki leiða neitt í ljós, segir það ekki neitt um það hvort löggjafinn hafi tekið afstöðu til álitaefnisins. Það segir einungis það að ekki sé að finna upplýsingar um þessa afstöðu í gögnunum. Spurningin er þá hvaða ályktun hægt er að draga, þar sem ekkert kemur

⁴⁷ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 118-119.

⁴⁸ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 119.

⁴⁹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 120.

⁵⁰ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 120.

⁵¹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 119-121.

⁵² Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 121.

fram um þetta í lögskýringargögnum að baki lagaákvæðis.⁵³ Mætti því kalla þá aðferð að túlka lagaákvæði með hliðsjón af lögskýringargögnum heimildarskýringu,⁵⁴ en til heimildarinnar sjálfar er einungis litið vegna þess frá hverjum hún kemur. En í þessu felst að þegar litið er til lögskýringargagna er ekki verið að leita eftir viljaafstöðu löggjafa, heldur einungis upplýsingum sem geta hjálpað þegar vafi kemur upp.⁵⁵

Mótrökin gegn lýðræðisröksemdinni eru þau að textinn er ásýnd hins lýðræðislega vilja. „Með því að veita þeim, sem túlkar lagaákvæði, færi á að ákvarða merkingu ákvæðis með því að horfa til upplýsinga sem standa utan við ákvæðið sé verið að viðurkenna heimild aðila til að horfa framhjá því eina sem vissa er fyrir að hafi átt að hafa *gildi sem lög*, lagaákvæðið sjálft“.⁵⁶ Þetta er rétt svo langt sem það nær en með þessum rökum er verið að hafna því að þegar ágreiningur er um túlkun lagaákvæðis sé heimilt að líta frekar til lögskýringargagna. En með því að hafna því að við ágreining sé litið til lögskýringargagna er í raun verið að viðhalda því sem átti alltaf að hafa mesta vægið við beitingu í framkvæmd, eða lagaákvæði sem *hið birta form lýðræðislegrar ákvörðunartöku á vettvangi löggjafans*.⁵⁷

Í þriðja lagi sem mótrök gegn hinum hagnýtu röksemdum byggðum á réttaröryggi og greiningu valds - formgreiningu réttarríkishugtaksins. Þar segir að það sé ekki tækt að líta til lögskýringargagna með réttarríkishagmuni að leiðarljósi þar sem þegnarnir verði að vita við lestur lagaákvæðis hvaða háttsemi er heimil og hver ekki. Það stoði ekki að líta til annarra gagna en textans sjálfs þegar ekki kemur skýrt fram í lagaákvæði hvort refsing liggir við háttsemi eða ekki. Ekki er hægt að leiða út frá þessu að þó heimilt sé í ákveðnum tilvikum að líta til lögskýringargagna, að búið sé að setja um það einn algildan mælikvarða um hvenær slíkar upplýsingar hafi efnislega þýðingu, heldur er það byggt á mati í hvert sinn.⁵⁸

4 Vægi lögskýringargagna við túlkun refsíákvæða

4.1 Almenn

Þessi kafli leitast við að kanna hversu mikið vægi lögskýringargögn hafa í úrslausnum Hæstaréttar á sviði refsiréttar. Það getur skipt verulegu máli þegar skoðað er hversu mikið vægi eigi að veita lögskýringargögnum eða upplýsingum úr þeim, að greina efni og málefnasvið ákvæðis. Ef lagaákvæðið leggur einhverjar byrðar á borgarana eða íþyngir þeim

⁵³ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 123.

⁵⁴ Skúli Magnússon: „Túlkun laga og vilji löggjafans“, bls. 375.

⁵⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 124.

⁵⁶ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 125.

⁵⁷ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 125.

⁵⁸ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 126.

með einhverjum hætti er svigrúmið til að líta til lögskýringargagna mun takmarkaðra, sérstaklega ef það leiðir til þess að gengið sé út frá að búið sé að uppfylla skilyrði ákvæðisins.⁵⁹ Kemur hér til sú togstreita sem er að finna milli stjórnspekilegra og lýðræðislegra röksemda annars vegar og réttarríkis- og réttaröryggisröksemda hins vegar.⁶⁰ Í refsiréttinum kristallast álitefni af þessu tagi best.⁶¹

Úrlausn mála horfir til tveggja þátta. Fyrst er lítið á stjórnspekileg og lýðræðisleg rök fyrir notkun lögskýringargagna. Síðar er lítið á rök fyrir fyrirsjáanleika lagaákvæðis í réttarríki en þar er tekið tillit til réttaröryggis borgaranna. Almennt er talið að heimilt sé að líta til lögskýringargagna við túlkun lagaákvæðis en ekki hefur verið sett um það nein regla hvenær upplýsingar úr þeim hafi efnislega þýðingu þegar afmarka á merkingu sem kemur fram í lagaákvæði.⁶² Þar sem meginreglan um skýrleika refsheimilda byggir á því að mögulegt sé að sjá fyrir um hvort háttsemi sé refsiverð eða ekki og veiti sanngjarna og eðlilega viðvörðun um hvað sé refsivert, má velta því fyrir sér hvort heimilt sé að líta til lögskýringargagna þegar túlka þarf óskýr refsíákvæði.⁶³

Í ritinu Stjórnarskráin og refsíabyrgð síðari hluti, eftir Róbert R. Spanó kemur fram að þegar skoðað er hvort líta eigi til lögskýringargagna við túlkun:

„verður að gera greinarmun á því hvort refsheimild sé það almenn og óljós að að hún lýsi ekki hlutlægum viðmiðum eða á skortir að af henni verði leiddar áþreifanlegar leiðbeiningar um inntak hennar annars vegar eða hvort vafi leiki hins vegar á um hvorn eða hverja af tveimur eða fleiri haldbærum lögskýringarkostum ber að leggja til grundvallar við túlkun refsheimildarinnar. Ef um fyrra tilvikið er að ræða er ljóst að athugasemdir í lögskýringargögnum geta vart lagfært þann stjórnskipulega annmarka sem er á óhóflega almennum og óljósum texta refsheimildar sem birtist borgurunum og refsivörsluaðilum. Athugun á lögskýringargögnum kann hins vegar að vera nauðsynleg og réttlæt看leg aðferð við mat á lögskýringarsjónarmiðum og vægi þeirra við val á lögskýringarleið við skýringu refsheimildar sem fullnægir sem slík meginreglunni um skýrleika refsheimilda“.⁶⁴

Áðurnefnd tilvísun er dregin af úrlausnum í *Hrd. 2003, bls. 1363 (449/2002) (Arnarvarp í Miðhúsaeyjum)* og *Hrd. 2000, bls. 280 (442/1999) (Hlutlæg ábyrgð skipstjóra)* en af þeim verður ráðið að Hæstiréttur telji heimilt að líta til lögskýringargagna, einkum frumvarpa þegar hann metur hvort kröfunni um skýrleika refsheimilda sé uppfyllt. Þar sem sú regla byggir meðal annars á því að hægt sé að sjá fyrir um refsinaema háttsemi, en það kemur fram í

⁵⁹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 148.

⁶⁰ Fjallað um hér ofar í kafla 3.2.1-3.2.2

⁶¹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 148.

⁶² Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 126.

⁶³ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 149-150.

⁶⁴ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 50-51.

viðvörðunarsjónarmiðinu er tæpt að heimilt sé að fylgja þessu, þar sem í henni felst að borgarar eigi að geta séð fyrir hvaða háttsemi er refsiverð og hver ekki.⁶⁵

Hér á eftir verður fjallað um þrjár grundvallarreglur um stjórnskipuleg valdmörk handhafa ríkisvalds á sviði refsiréttar en þær eru: meginreglan um lögbundnar refsheimildir, reglan um skýrleika refsheimilda og túlkunarregla refsiréttar. Með hliðsjón af þessum reglum er einnig skoðað vægi lögskýringargagna í notkun dóma Hæstaréttar og þá hvort í þeim felist einhver takmörkun á vægi þeirra. Þessar reglur er að finna í 1. mgr. 69. gr. stj. skrár. en í henni segir *að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða megi fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.*

Reglan sem 69. gr. stj. skrár. er byggð á er að finna í 7. gr. MSE sbr. lög. nr. 62/1994, en í 1. mgr. 7. gr. sáttmálans segir: *Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.*

4.2 Meginreglan um lögbundnar refsheimildir og meginreglan um skýrleika refsheimilda

Í flestum ríkjum gildir reglan um lögbundnar refsheimildir eða lögmætisregla refsiréttar (nullum crimen sine lege og nulla poena sine lege). En regluna má rekja til upplýsinga og skynsemisstefnu 18. aldar og var hún lögfest í fyrstu almennu hegningarlögum Íslendinga frá 1869.⁶⁶ Regluna má leiða af 1. mgr. 7. gr. MSE og er hún áréttuð í 69. gr. stj. skrá. eins og áður hefur komið fram.⁶⁷ Grunnreglan eykur til muna réttaröryggi þegna⁶⁸, en þó kemur birting laga ekki til mikilla nota þar sem misbrestur er á að almenningur þekki þau og skilji.⁶⁹ Af 1. mgr. 69. gr. stj. skrár. verður dregið að engum verði gætt að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar háttsemi átti sér stað.

Það er löggjafinn og vilji hans sem á að vera ráðandi í því hvaða skilyrði eru sett fyrir því að menn beri refsíabyrgð, en ekki handhafar framkvæmdarvalds eða dómstóla. Grundvallarreglan á að tryggja, að það sé einungis löggjafinn sem ákveði hvað sé refsivert og

⁶⁵ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 50-51.

⁶⁶ Jónatan Þórmundsson: „Þróun refsiréttar í ljósi mannréttinda“, bls. 226-227.

⁶⁷ Róbert R. Spanó: „Bann við afturvirkni refsilaga og grunnreglan um lögbundnar refsheimildir“, bls. 282.

⁶⁸ Alþt. 1939, A-deild, bls. 354.

⁶⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 154.

hvaða tegundum refsingar eigi að beita.⁷⁰ Orðalagið í 1. mgr. 69. gr. stj. skrár. samkvæmt lögum verður að túlka svo að með því sé átt við sett lög í þrengri merkingu, af þessu má draga þá ályktun að ef einstaklingur er ákærður fyrir háttsemi sem ekki er að finna í settum lögum þá verði dómstólar að sýkna hann.⁷¹

Frá grundvallarreglunni eru heimiluð fjögur frávik í íslenskum rétti, en þau eru *fullkomin lögjöfnun* en heimild til að beita henni er í 1. gr. hgl. en í greinargerð með lögunum kemur fram að um fullkomna lögjöfnun sé að ræða.⁷² *Almenn stjórnvaldsfyrirmæli*, þá er ákvæði 1. gr. hgl. því ekki til fyrirstöðu að í reglugerðir eða tilskipanir séu sett refsíákvæði. Ef það er sett með heimild í lögum og ekki viðtækari refsíákvæði en lögin heimila.⁷³ *Ólögákveðnar reglur og hugtök*, mörg mikilvæg atriði falla undir þennan flokk. Hugtökin ásetningur og gáleysi er t.d ekki mælt um í lögum, en gert er ráð fyrir því að um þau verði mótuð venja í fræðunum.⁷⁴ *Fordæmi og dómvenja*, þó ekki sé það lögbundið að fordæmi eða dómvenjur eigi að koma til við mat á refsheimild verður að ráða að svo sé, sérstaklega þegar röð dóma kemur sem lúta allir að sömu niðurstöðu og mynda þannig dómvenju.⁷⁵

Reglan um skýrleika refsheimilda felur í sér að með lestri lagatexta eigi þegnarnir að vita hvaða háttsemi er refsiverð og geti þar með valdið þeim refsíabyrgð. Því hefur verið velt upp hvort reglan um skýrleika refsheimilda teljist vera sjálfstæð réttarregla sem leidd af 1. mgr. 69. gr. stj. skrár. eða hvort hún sé einungis hluti af meginreglunni um lögbundnar refsheimildir.⁷⁶ Þessi ritgerð gengur út frá því að hún sé sjálfstæð réttarregla. Hún hefur einnig verið talin leiða af 7. gr. MSE, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994 og 1. gr. hgl.⁷⁷ Af dómaframkvæmd er ekki hægt að ráða hvert er inntak og gildissvið reglunnar um skýrleika refsheimildar þar sem ekki búið að setja um hana almenn sjónarmið eða viðmið.⁷⁸

Í riti sínu *Afbrot og refsíabyrgð I* gerir Jónatan Þórmundsson grein fyrir reglunni um skýrleika refsheimilda og tekur eftirfarandi m.a fram:

Það leiðir af grundvallarreglunni um lögbundnar refsheimildir, að þegnarnir eiga rétt á að vita eða geta nokkurn veginn kynnt sér með því að lesa viðkomandi lagatexta, hvaða háttsemi geti bakað þeim refsíabyrgð [...] Rétt þykir að gera ráð fyrir því í refsirétti, að hver fullorðinn og heilbrigður einstaklingur geti af frjálsum vilja ráðið því, hvað hann gerir eða lætur ógert. Hann þarf að eiga þess kost að kynna sér boð og bönn valdhafanna, sem varða þegnana refsiviðurlögum, svo að hann geti lagað sig að kröfum þeirra. Skýr refsilög geta orkað sem

⁷⁰ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (fyrri hluti)“, bls. 23-24.

⁷¹ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (fyrri hluti)“, bls. 22.

⁷² Alþt. 1939, A- deild, bls. 354.

⁷³ Alþt. 1939, A- deild, bls. 354.

⁷⁴ Alþt. 1939, A- deild, bls. 357.

⁷⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 156-159.

⁷⁶ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 11.

⁷⁷ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 6.

⁷⁸ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 40.

sanngjörn og eðlileg viðvörðun, en óskýr lög kunna beinlínis að leiða menn í þá gildru að brjóta af sér.⁷⁹

Af þessum texta má draga þá ályktun að kröfunni um skýrleika sé skipt í tvennt. Annars vegar að ekki megi á það skorta að refsheimild sé nægilega skýr þannig að hún veiti borgurinum sanngjarna og eðlilega viðvörðun um hvort telja megi háttsemi þeirra brjóta í bága við lagaákvæði, mætti kalla þetta *viðvörðunarsjónarmiðið*. Hins vegar ef refsheimild er nægilega skýr þá dragi það úr því að beitt sé tilviljunarkenndum ákvörðunum í refsivörslukerfinu og af því leiðir aukin samkvæmni og fyrirsjáanleiki við framkvæmd réttarvörslu, mætti nefna þetta *refsivörslusjónarmiðið*.⁸⁰

Hvort sem reglan sækir stoð sína í sett lög eða stjórnvaldsfyrirmæli með fullnægjandi lagastoð þá er það ljóst að sett er fram krafa um að reglan verði að vera skýr.⁸¹ Sjá varðandi það:

Hrd. 18. Janúar 2007 (458/2006) (Jarðýta) þar var J ákærður m.a fyrir brot gegn lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd með því að hafa ekið jarðýtu og rutt slóða í þeim tilgangi að gera reiðveg eftir leið sem X ákvarðaði. J viðurkenndi að hafa ekið jarðýtu með þeim hætti sem í ákæru greindi og að honum hefði láðst að spyrja hvort tilskilin leyfi væru til verksins. Varð í ljósi aðstæðna allra að virða honum það til gáleysis, sérstaklega þegar litið var til þess viðkvæma landsvæðis sem raskað var víða á langri leið, reynslu hans og til þess hversu losaraleg framkvæmd og skipulag verksins var. Í ákæru var brot J meðal annars heimfært undir 2. mgr. 12. gr. laga nr. 44/1999. Í dómi Hæstaréttar sagði svo um þessa tilvísun: „Í ákæru er brot ákærða meðal annars heimfært undir 2. mgr. 12. gr. laga nr. 44/1999 en samkvæmt þeirri grein er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Orðalag þessa ákvæðis er almennt og uppfyllir ekki kröfur sem gera verður til skýrleika refsheimilda. Verður ákærði ekki sakfelldur fyrir brot gegn þessu ákvæði.

Hér er ákærði sýknaður því telja verður að orðalag ákvæðis uppfylli ekki þær kröfur sem gera verður til skýrleika refsheimilda og sé of almennt orðað.

4.3 Túlkunarregla refsiréttar

Almennt hefur verið talið að refsilög beri að túlka þröngt, það er sakborning í hag (in dubio mitus).⁸² Þessi regla hefur verið áréttuð í dómum Hæstaréttar í langan tíma sbr. *Hrd. 1964, bls. 59 (Rakarastofa)* en þar er fallist á það með héraðsdómi að A sem ákærður er fyrir brot gegn lögum nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, með því að hafa starfrækt rakarastofu án þess að vera með tilskilin meistararéttindi skuli sýknaður. Refsing ákærða var í Hæstarétti felld niður og ekki var heimilað að svipta hann iðnréttindum sínum. Vísar Hæstiréttur í 69. gr. stj. skrá. með þessum orðum í dómi sínum:

⁷⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 167.

⁸⁰ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 18.

⁸¹ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 11.

⁸² Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 473.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, svo og með skírskotun til 69. gr. stjórnarskrárinnar frá 17. júní 1944 þykja ekki vera næg rök til þess að telja, að ákærði hafi með starfrækslu rakarastofu sinnar einn síns líðs gerzt sekur um brot gegn lagagreinum þeim, sem í ákæru getur, og ber því að sýkna hann af ákæru ákæruvalds, að því er þá starfrækslu varðar.

Einnig vísar Hæstiréttur til lögskýringargagna með svofelldum orðum:

Flutningsmaður frumvarps þess til laga, sem urðu lög nr. 105/1936, lýsti tilgangi þess í ræðu á Alþingi svo: „Tilgangur frv. er tvenns konar: í fyrsta lagi að tryggja það, að iðnaðarvinna sé unnin af iðnaðarmönnum, til þess að þeir, sem hafa lært þessi verk, fái að vinna við þau, og í öðru lagi, að þeir, sem þurfa að láta vinna þessi verk, fái þau unnin af kunnáttumönnum.“ (Alþt. 1936, B, dálkur 1426).

Ekki er hægt að beita túlkunarreglunni nema við túlkun sé merking refsíákvæðis óljós, en í því felst að tvö eða fleiri tilvik séu talin geta fallið undir ákvæðið og til að leysa úr fyrirliggjandi sakarefni verði að velja á milli þeirra. Af þessu verður dregið að það er ákvörðunarástæða að beita túlkunarreglunni þegar vafi er um merkingu refsíákvæðis. Ekki er hægt að veita neitt eitt svar við því hvenær vafi er talinn vera fyrir hendi, ákvörðun hverju sinni þarf að byggja á túlkun.⁸³

Ef lögskýringarsjónarmið leiða til ólíkra niðurstaðna um inntak refsíákvæðis, til að mynda orðalag á móti öðrum lagaákvæðum eða upplýsingum sem er að finna í lögskýringargögnum, getur komið upp vafi um hver niðurstaðan sé. Túlkunarreglan leiðir til þess að ef það er vafi um merkingu refsíákvæðis þá beri að veita því lögskýringarsjónarmiði mest vægi sem ýtir undir það að túlkað sé sakborning í hag.⁸⁴ Sjá í þessu samhengi: *Hrd. 25. janúar 2007 (181/2006) (Baugur 1)* sem er gott dæmi um að túlkunarreglan geti haft þau áhrif að refsíákvæði verði ekki túlkað með víðtækari hætti en leiðir af textaskýringu. Þar reyndi á túlkun á orðinu lán í merkingu þágildandi 1. mgr. 43. gr. laga nr. 144/1994 um ársreikninga. Tekið var sérstaklega fram að við túlkun orðsins lán væri „óhjákvæmilegt að taka mið af því að í málinu (reyndi) á hana eingöngu við úrlausn um hvort ákærði (hefði) gerst sekur um refsiverða háttsemi.“ Með þetta í huga var því hafnað að leggja rúman skilning í lánshugtakið þó það væri jafnvel meira í samræmi við það markmið laganna sem mátti ráða af lögskýringargögnum.⁸⁵

Við athugun á því hvort beita eigi túlkunarreglunni sem lögskýringaraðferð er tvennt sem ber að skoða. Annars vegar verður að kanna hvaða röksemdir búa að baki reglunni, hver sé tilgangur reglunnar og á hvaða lagasjónarmiðum hún er reist. Hins vegar þarf að svara því

⁸³ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 422.

⁸⁴ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 422-423.

⁸⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 432.

hvenær eigi að beita reglunni og hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að mögulegt sé að byggja á reglunni við úrlausn mála.⁸⁶

Túlkunarreglan býður upp á tvær afstöður til laga, en þær eru réttarríkissjónarmið og þrígreiningarsjónarmið. Réttarríkissjónarmiðið skiptist í viðvörunarsjónarmið og refsivörslusjónarmið.⁸⁷

Ef vafi er á hvað felst í refsíákvæði verður með viðvörunarsjónarmiði í huga að láta hinn ákærða njóta vafans. Á þessu eru þó veikleikar, hinn almenni borgari er í fæstum tilvikum búinn að kynna sér refsíákvæði þannig að hann viti hvaða háttsemi beri að forðast, því verður hann að njóta vafans á grundvelli viðvörunarsjónarmiðs. Viðvörunarsjónarmiðið takmarkar einnig möguleika dómara, því túlkunarkostir sem ekki styðjast við textaskýringu virðast vera útilokaðir.⁸⁸

Í refsivörslusjónarmiðinu felst að svigrúm refsivörsluaðila, ákæranda og rannsóknaraðila er takmarkað við að láta ákærða eða sakborning njóta vafans ef vafi er við túlkun refsíákvæða.⁸⁹

Þrígreiningarsjónarmiðið byggir á því að dómara reyni með notkun túlkunarreglunnar að takmarka svigrúm sitt við beitingu refsíákvæða.⁹⁰ Svo virðist sem viðvörunarsjónarmiðið sé algengara á Íslandi heldur en refsivörslusjónarmiðið en ekki hefur enn verið vísað til þess í dómaframkvæmd.⁹¹

4.4 Dómar Hæstaréttar Íslands (út frá beitingu lögskýringargagna)

Í þessum kafla verða reifaðir dómar Hæstaréttar úr frá beitingu lögskýringargagna við túlkun refsíákvæða. Verður leitast við að skoða hversu mikið vægi lögskýringargögnum er veitt ef þá nokkurt. Í refsirétti er á því byggt að það beri að skýra refsíákvæði sakborning í hag. Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að valinn er frekar hinn þröngi lögskýringarkostur ef val er um hann. Á þetta sérstaklega við þegar um er að ræða óljósar og matskenndar refsireglur.⁹²

4.4.1 Vægi lögskýringargagna við túlkun matskenndra lagaákvæða.

Í matskenndum lagaákvæðum felst að venju sé beitt og þurfi, ef skýra á út hvað í þeim felst að líta til dómvenja og fordæma. Efni þeirra byggir því á venju og fordæmum þar sem

⁸⁶ Róbert R. Spanó: „Túlkunarregla refsiréttar“, bls. 444.

⁸⁷ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 412.

⁸⁸ Róbert R. Spanó: „Túlkunarregla refsiréttar“, bls. 450-451.

⁸⁹ Róbert R. Spanó: „Túlkunarregla refsiréttar“, bls. 455.

⁹⁰ Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti*, bls. 121.

⁹¹ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 41.

⁹² Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 243-244.

refsiákvæði þau er eiga við veita ekki nægar upplýsingar um þá háttsemi sem refsíabyrgð liggur við.⁹³ Eru það því í raun dómstólar sem móta regluna en þetta telur Jónatan Þórmundsson að fari í bága við grunnregluna um lögbundnar refsíheimildir.⁹⁴ Jónatan lýsir matskenndum svigrúmsákvæðum svo:

Strangt tekið fara mörg þessi ákvæði í bága við grundvallarregluna um lögbundnar refsíheimildir. Á hinn bóginn getur verið erfitt að setja fram nákvæmar skilgreiningar um fyrirbæri eins og klám, guðlast, ósæmilega meðferð á líki, óvirðingu við þjóðfána o.s.frv. Enn fremur virðist ákveðin söguleg hefð ríkja um sum þessara refsíákvæða, en óvíst er, að sú hefð haldi velli gagnvart æ styrkara mannréttindaákvæði. Dómstólar þurfa augljóslega að halda vöku sinni og fara varlega í að sakfella á þessum grundvelli. Í sumum tilvikum leita dómstólar viðmiðana utan laganna, með hliðsjón af siðferðilegum eða félagslegum mælikvarða á hverjum tíma um það, hvaða háttsemi sé óréttmæt og því refsiverð (vísireglur). Nefna má hugtök eins og klám, blygðunarsemi, guðlast og ærumeiðingar. Í raun er hér byggt á réttarvitund almennings, eins og dómstólar túlka hana hverju sinni.⁹⁵

Ef þetta er skoðað er ljóst að dómstólar hafa mikið svigrúm til að túlka hvað telst matskennt svigrúmsákvæði. Matskennt svigrúmsákvæði skiptist í tvennt en það eru vísireglur og varúðarreglur.

Vísireglur veita löggjafa töluvert svigrúm til að ákvarða hvað telst vera refsiverð háttsemi.⁹⁶ Sem dæmi um vísireglu má nefna 124. gr. hgl. en þar kemur fram að refsing liggja við röskun á grafarhelgi og fyrir ósæmilega meðferð á líki sbr. *Hrd. 2005, bls. 1644 (510/2004) (líkfundarmál)* en þar var höfðað mál gegn öllum ákærðu fyrir ósæmilega meðferð á líki V með því að hafa, bundið kaðal um háls, bók og fætur, fest keðju við háls og bundið gúmmíbobbing við fætur, ákærði G stakk líkið með hnífi fimm stungum í háls, brjóstkassa og kvið og því næst sökktu ákærðu líkinu í sjóinn við bryggjuna.

Einnig mætti nefna 125. gr. hgl. um guðlast sbr. *Hrd. 1984, bls. 855 (Spegilinn)* Ú blaðamaður ákærður fyrir að hafa smánað trúarkenningar og guðsdýrkun hinnar evangelísku trúar. Var þetta talið varða við brot á 125.gr. almennra hegningarlaga, segir Hæstiréttur þetta:

Verndarandlag 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er trúartilfinning fólks og réttur þess til að hafa hana í friði, sé um að ræða trúar-kenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þar sem alkunna er, að altarissakramentið og þátttaka í því er kjarnaatriði evangelísk-lúterskrar trúarkenningar og trúariðkunar, telur dómurinn, að birting ofangreinds les- og myndefnis sem heild varði við lagagreinina, enda verður birting þessa efnis hvorki talið framlag til málefnaeigrar umræðu um trúmál né hún talin hafa listrænt gildi.

⁹³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð 1*, bls. 242.

⁹⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð 1*, bls. 242.

⁹⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð 1*, bls. 242.

⁹⁶ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 53.

Einnig mætti benda á 210. gr. hgl. um klám⁹⁷ og mætti þar skoða *Hrd. 1990, bls. 1103 (Stöð 2)*. En þar var útvarpsstjóri stöðvar 2 ákærður fyrir að hafa sýnt klámfengnar myndir sem telst vera brot við 2. mgr. 210. gr. hgl. sbr. 35. gr. og 37. gr. útvarpslaga. Ákærði telur sig ekki hafa brotið gegn þessum greinum laga og að farið hafi verið yfir myndirnar og klippt út öll atriði sem gætu verið ósiðsamleg, einnig segir vitni sem er framkvæmdarstjóri stöðvarinnar að sýning myndanna hafi komið til vegna þrýstings frá áhorfendum stöðvarinnar að sýna slíkt efni.

Í þessum dómum sem reifaðir eru hér að ofan, lítur Hæstiréttur ekki til lögskýringargagna við túlkun á matskenndum refsíákvæðum, heldur fellir háttsemi beint undir ákvæði án nánari rökstuðnings. Það kann að skipta máli að Hæstiréttur telur sig ekki knúinn að líta til lögskýringargagna í þessum úrlausnum og af hverju hin matskenndu ákvæði ganga jafn langt og þau gera, að dómaframkvæmd hafi eitthvað tekið á þessu og mótað inntak um ákvæðin.⁹⁸

Hér verða reifaðir dómur Hæstaréttar þar sem einnig reyndi á matskennd refsíákvæði, en í þessum dómum taldi rétturinn heimilt að líta til lögskýringargagna. Í *Hrd. 1999, bls. 2006 (41/1999) (Rjúpnaveiðar)* var ákærðu gefið að sök að hafa verið við rjúpnaveiðar án leyfis landeiganda. Var brot þeirra talið varða við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ekki var talið að landamerkjabréf frá 1884 væri nógu sterk heimild um eignarhald landeiganda og voru ákærðu sýknaðir. Ákæruvald í þessum dóm vísar í lögskýringargögn til stuðnings máli sínu með þessum orðum:

Samkvæmt 1. gr. laganna sé landareign í þessum skilningi jörð eða annað landsvæði, sem sé háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila. Í ljósi lögskýringargagna verði að skýra þetta hugtak með tilliti til fyrirmæla, sem áður voru í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, um að landamerki jarðar hverrar skyldu ráða fuglaveiðum á landi, þótt þetta sé ekki tekið fram í nágildandi lögum.

Ekki féllst Hæstiréttur á rökin sem ákæruvaldið lagði fram í þessu máli og sýknaði aðila af kröfum ákæruvalds. Í niðurlagi dómsins segir svo loks:

Ekki eru efni til að fallast á þá lögskýringu ákæruvalds að heimildir um landamerki jarðar geti einar nægt til þess að almenningi séu vegna ákvæðis 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 óheimilar fuglaveiðar á landi án sérstaks leyfis, algerlega óháð því hvort aðrar heimildir styðji að það sé háð beinum eignarrétti. Þegar lítið er til þess, sem að framan greinir um heimildir fyrir eignarrétti að landinu þar sem ákærðu voru við veiðar umrætt sinn, verður að telja slíkan vafa vera um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar eigenda Sandfellshaga yfir því, að sýkna verður ákærðu af kröfum ákæruvaldsins í málinu, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

⁹⁷ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 53.

⁹⁸ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 54.

Í þessum dóm er það ákærvaldið sem byggir á lögskýringargögnum til stuðnings þess að ákærðu hafi brotið lög, en Hæstiréttur fellst ekki á það þar sem of mikill vafi er til staðar með eignarrétt yfir landi því, sem þeir eru ákærðir fyrir að veiða á í leyfisleysi og er því ekki heimild til að refsa þeim. Hér er lögskýringargögnum ekki gefið mikið vægi, en sýnir þó að ákærvaldi er heimilt að byggja á þeim, þó í þessu tilviki hafi Hæstiréttur ekki fallist á það sem kom fram í þeim.

Einnig reyndi á notkun lögskýringargagna í *Hrd. 22. mars 2007 (331/2006) (Hugtakið vegur)* X var gefið að sök að hafa brotið gegn tilteknum ákvæðum náttúruverndarlaga og reglugerðar um akstur í óbyggðum með því að hafa ekið ökutæki utan vegar á Skeiðarársandi og valdið þar skemmdum. Í málinu var deilt um hvort sú leið sem X ók umrætt sinn teldist vegur í skilningi laganna en samkvæmt ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, að viðlagðri refsíabýrgð. Hér lítur Hæstiréttur til lögskýringargagna eða nánar tiltekið athugasemda við frumvarp og segir varðandi það:

Í athugasemdum við 17. gr. í frumvarpi til náttúruverndarlaga var um hugtakið „vegur“ vísað til 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en þar er vegur skilgreindur sem „vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.“ Fyrir liggur að leið sú sem ákærði ók umrætt sinn hefur lengi verið kunnur slóði.

Í dómi Hæstaréttar var X sýknaður meðal annars með svofelldum forsendum:

Samkvæmt framangreindu verður umræddur slóði, sem ákærða er gefið að sök að hafa ekið, talinn vegur í skilningi 17. gr. laga nr. 44/1999 í refsímáli þessu, enda verður að skýra allan skynsamlegan vafa um það atriði ákærða í hag. Breytir engu í því sambandi þótt hlutar vegar slóðans kunni að vera undir vatni vegna sérstakra aðstæðna á sandinum, en fyrir liggur að hann er fær að minnsta kosti sumum ökutækjum. Verður ákærði þegar af þessari ástæðu sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins.

Hér er deilt um hugtakið veg og hvort ákærði hafi brotið gegn lögum með því að aka utan hans, til að finna það út leit Hæstiréttur til athugasemda með frumvarpi, en þar kemur fram að slóði sá sem ákærði ók, teljist vegur og var ákærði því sýknaður. Hér er lögskýringargögnum gefið mikið vægi sakborning í hag.

Þá var einnig skoðað í *Hrd. 2006, bls. 1880 (472/2005) (Hugtakið önnur kynferðismök)* hvort lögskýringargögn væru notuð, en þar var Ó ákærður fyrir brot gegn 3. mgr. 202. gr. hgl. með því að hafa tælt þrjár ungar stúlkur til samræðis og annarra kynferðismaka. Hér var deilt um hvað félli undir hugtakið önnur kynferðismök. Segir í Hæstarétti um þetta:

Ákærði vefengir ekki að samræði og munnmök eigi undir brotalyngu áður nefndrar greinar almennra hegningarlaga, en mótmælir að annað, sem honum er gefið að sök, verði heimfært undir hugtakið önnur kynferðismök í henni. Við úrlausn um þetta verður að líta til skýringa í athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 40/1992, en þá var meginefni 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga breytt í núverandi horf. Segir þar að skýra beri hugtakið fremur

þröngt „þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt (surrogat). Eru þetta athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.“ Með því að skýra hugtakið í samræmi við þetta og að virtum þeim framburði ákærða að hann hafi fengið stúlkurnar til þessara athafna í þeim tilgangi að ljósmynda þær, verður að hafna kröfu ákærvalds um að þessi háttsemi ákærða verði felld undir brotálýsingu 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Í þessum dómi var deilt um hvað falli undir hugtakið önnur kynferðismök. Leit Hæstiréttur í þessum dóm til skýringar með athugasemdum með frumvarpi en þar kom skýrt fram skýring á hugtakinu og það að það bæri að túlka hugtakið þröngt og féll háttsemi ákærða því ekki undir það og hann því sýknaður. Hér er lögskýringargögnum og skýrum fyrir mælum þar gefið mikið vægi við úrlausn sakborning í hag.

Hrd. 1987, bls. 769 (Verkfall á RÚV, sératkvæði). Ákærðu hér var gefið að sök að hafa með ólögmeðum verkfallsaðgerðum valdið verulegri truflun á öllum útvarpsrekstri með því að koma í veg fyrir útsendingar, fram að þeim tíma að verkfall hófst. Í meirihluta dómi Hæstaréttar er athæfi þeirra talið ólögmeðt en ekki refsivert. Og eru þau því sýknuð í Hæstarétti en í sératkvæði minnihluta Hæstaréttar kemur fram að hann telur verknaðinn refsiverðan og byggja þeir það á eftirfarandi orðum ákvæðisins „Til ólögmeðs verknaðar myndi teljast ólögmeðt verkfall“⁹⁹ og einnig athugasemdum sem fylgdu með í greinargerð. En um þetta segir í minnihluta Hæstaréttar:

Synjun ákærðu á að sinna skyldustörfum sínum og það frumkvæði sem þeir áttu að ákvörðun starfsmannafélaganna var því án lögmætra ástæðna. Sú háttsemi starfsmannanna að leggja niður vinnu leiddi til verulegra truflana á útvarps- og sjónvarpsrekstri. Varðar atferli þeirra samkvæmt þessu við 176. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo sem skýra ber það ákvæði eftir orðum sínum og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem því fylgdu í greinargerð með frumvarpinu að lögum þessum.

Í þessum dóm lítur minnihluti Hæstaréttar til lögskýringargagna ákærðu í óhag, en meirihluti Hæstaréttar lítur ekki til lögskýringargagna og skýrra fyrir mæla sem þar koma fram og sýknar ákærðu.

Í *Hrd. 1949, bls. 132 (Króknet)* var S talinn hafa brotið gegn lögum um lax og silungsveiði með því að hafa notað króknet til veiða. Hér var spurning hvort háttsemi hans hafi verið lögmæt eða ólögmæt. Við úrlausn málsins leit Hæstiréttur til greinargerðar með lögnum en þar var list hvaða veiðitæki væru heimil. Segir Hæstiréttur um það:

Veiðivél kærða er í því meginatriði frábrugðin veiðitæki því, sem höfundar laganna miðuðu við, að á veiðivél kærða eru þrjú net með veiðikrökum í stað eins nets með veiðikrök á veiðitæki því, sem átt er við í lögnum.

⁹⁹ Alþt. 1939, A-deild, bls. 385.

Var ákærði talinn hafa gerst brotlegur gegn ákvæði laganna, en var sýknaður á öðrum grundvelli, eða vegna afsakanlegrar vanþekkingar á réttarreglum, öðru nafni lögvillu.¹⁰⁰ Hér telur Hæstiréttur vera heimilt að líta til lögskýringargagna til að skýra hvort háttsemi hans hafi verið lögmæt eða ekki.

Ekki er hægt að ráða af þeim dómum sem hér hafa verið reifaðir að ein algild regla um hvenær Hæstarétti sé heimilt að líta til lögskýringargagna þegar um matskennd refsíákvæði er að ræða. Þau ákvæði sem reyndi á í fyrrnefndum dómunum uppfylltu öll meginregluna um skýrleika refsíheimilda. En út frá þessum dómum má velta fyrir sér hvort Hæstiréttur telji frekar að heimilt sé að líta til lögskýringargagna þegar þau eru sakborning í hag og þá með túlkunarregluna að leiðarljósi.

4.4.2 Dómar varðandi meginregluna um skýrleika refsíheimilda

Reglan um skýrleika refsíheimilda takmarkar mjög að litið sé til lögskýringargagna við túlkun á dómum Hæstaréttar á sviði refsiréttar en þó hefur Hæstiréttur í einhverjum tilvikum litið til lögskýringargagna varðandi það hvort refsíákvæði uppfyllti kröfuna um skýrleika refsíheimildar. Samanber þeir Hæstaréttardómar sem reifaðir eru hér á eftir.

Í *Hrd. 2003, bls. 1363 (449/2002) (Arnarvarp í Miðhúsaeyjum)* var X ákærður fyrir að hafa á árunum 2000 og 2001 rekið upp staura til að hindra að ernir verptu og með því raskað hreiðurstað þeirra en ernir eru friðaðir á Íslandi. Það sem hér reyndi á varðandi skýrleika refsíheimilda er hvort sá staður sem örn kynni að verpa á gæti fallið undir „lífssvæði dýra“. En hæstiréttur segir um þetta:

Íslenski haförninn er alfríðaður samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. gr. og 17. gr. laga nr. 64/1994 og aldrei má veiða hann í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tjón, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum. Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir að ávallt skuli „gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.“ Ákærða er sem fyrir segir gefið að sök að hafa brotið gegn þessu ákvæði með því að hafa raskað hreiðurstað arna með framangreindri mannvirkjagerð á hreiðurstöðum þeirra í Arnarstapa og Hrísey. Fram er komið að á undanförunum áratugum hafa fáeinir arnarungar komist upp og á sama tíma hefur varp misfarist í nokkur skipti á þessum hreiðurstöðum. Er óumdeilt að síðast var kunnugt um arnarvarp í Arnarstapa árið 1997, en ekki er fram komið hvenær örn verpti síðast í Hrísey. Í orðskýringum 1. gr. laga nr. 64/1994 eru „lífssvæði“ talin vera „svæði sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu eða sem farleið.“ Ekki er ljóst af 6. gr. laganna og öðrum ákvæðum þeirra eða lögskýringargögnum hvort sá staður sem örn kunni að verpa á geti fallið undir lífssvæði dýra eða hvort gerð er sú krafa að hann verpi þar í raun. Þetta orðalag ákvæðisins er að þessu leyti of almennt og því ekki nægilega ótvírætt og glögg. Uppfyllir það ekki þær kröfur sem gera verður til skýrleika refsíheimilda. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot gegn þessu ákvæði.

Hér fjallar Hæstiréttur um hvort ákvæðið sem ákæra byggir á sé of almennt orðuð. Því

¹⁰⁰ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 220.

beri að sýkna X á þeim grundvelli að refsíákvæði fullnægi ekki kröfu um skýrleika refsheimilda. Hér er spurning hvort ekki hefði verið skilvirkara að beita þröngri lögskýringu og sýkna á þeim grundvelli að gögn hefðu leitt til þess að hinn þröngri kostur hefði verið betri, eins og Róbert R. Spanó hefur komið inn á í grein sinni.¹⁰¹ Hér er einnig athyglisvert að Hæstiréttur virðist heimila það að litið sé til lögskýringargagna og þá einkum frumvarpa og greinargerða þegar um óljóst refsíákvæði er að ræða en það má velta því fyrir sér hvort það samræmist meginreglunni um skýrleika refsheimilda, í henni felst að þegnar eigi að geta ráðið af lestri lagaákvæðis hvaða háttsemi er talin heimil og hver ekki. En ekki er hægt að telja að skýrleika refsheimildar sé uppfyllt þegar heimilað er að líta til lögskýringargagna til að ákvarða nánar hvort háttsemi sé leyfileg eða ekki.¹⁰²

Það má svo sannarlega deila um hvort það sé réttlæt看legt að líta til lögskýringargagna þegar vafi er hvort ákvæði uppfylli kröfuna um skýrleika refsheimilda. Það telst ekki fullnægjandi þegar um merkingarfræðilega óskýran texta í refsíákvæði er að ræða að líta um of til lögskýringargagna. Væri réttara að gefa sjónarmiðinu um formgreiningu réttarríkishugtaksins meira vægi þannig að litið sé fram hjá því með öllu að fylgja upplýsingum um merkingu ákvæðis sem er að finna í lögskýringargögnum.¹⁰³

Sjá einnig *Hrd. 2000, bls. 280 (442/1999) (Hlutlæg ábyrgð skipstjóra)* en þar var J skipstjóri ákærður fyrir brot á tollalögum en í skipi hans fannst áfengi sem var flutt ólöglegt hingað til lands og ekki fannst eigandi að því. Í dómi byggðum á 3. mgr. 123. gr. tollalaga nr. 55/1987 sbr. 124. gr. sömu laga segir að J bæri hlutlæga refsíábyrgð. Í dómi Hæstaréttar sagði eftirfarandi:

Í athugasemdum með frumvarpi því, er varð að tollalögum nr. 55/1987, segir aðeins um 123.-125. gr. að þær séu samhljóða 60.-62. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollefirlit. Í skýringum við 3. mgr. 60. gr. í athugasemdum með frumvarpi, er síðar varð að lögum nr. 59/1969, sagði svo: „Í 3. mgr. er nýmæli. Er þar lögð refsíábyrgð við aðgerðarleysi af hálfu yfirmanna fara. Þykir eigi rétt að sleppa þeim yfirmönnum við refsingu, sem láta það viðgangast, að undirmenn þeirra t.d. noti þau rúm í fari, sem þeir hafa umsjón með, til þess að geyma smyglvarning og jafnvel útbúa þar sérstaka felustaði. Sams konar ákvæði er í norsku tollalögunum.“ Í skýringum við 4. mgr. 60. gr. frumvarpsins, en það ákvæði var sama efnis og 4. mgr. 123. gr. tollalaga nr. 55/1987, sagði á hinn bóginn svo: „Í síðustu málsgrein greinarinnar er lögð áhersla á ábyrgð eiganda vöru, og ef hann finnst ekki, þá á stjórnanda farartækis.“ Sá annmarki er á athugasemdum með frumvarpi því, er síðar varð að lögum nr. 59/1969, að þar hafa væntanlega víxlast skýringar með 3. mgr. og 4. mgr. 60. gr. Voru þessar misvísandi skýringar ekki leiðréttar í frumvarpi því, er síðar varð að tollalögum nr. 55/1987. Hvergi kemur heldur berum orðum fram í athugasemdunum að stjórnandi fars beri hlutlæga ábyrgð á broti ef eigandi finnst ekki eða að refsíábyrgð hans sé reist á öðrum grundvelli en annarra. Með vísan til þess, sem að framan segir, verður ekki talið að 3. mgr. 123. gr. tollalaga feli í sér nægilega skýra

¹⁰¹ Róbert R. Spanó: „Stjórnaarskráin og refsíábyrgð (síðari hluti)“, bls. 43-44.

¹⁰² Róbert R. Spanó: „Stjórnaarskráin og refsíábyrgð (síðari hluti)“, bls. 50.

¹⁰³ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 149.

refsiheimild til þess að heimilt sé að sakfella ákærða fyrir tollalagabrot, sem ekkert liggur fyrir um að hann hafi átt hlut að. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Með vísan til 6. mgr. 136. gr. tollalaga er ekki þörf á að fjalla um kröfu ákæruvaldsins um að varningur sá, sem mál þetta varðar, skuli gerður upptækur.

Hér heimilar Hæstiréttur að líta til lögskýringargagna eða nánar tiltekið athugasemda með frumvarpi við úrlausn þessa máls, en þó telur rétturinn ekki tækt að byggja á því sem kemur þar fram, þar sem ekki kemur þar fram berum orðum að stjórnandi fars beri hlutlæga ábyrgð, en til að refsa aðilum þarf það að koma skýrt fram í lögum, er aðili því sýknaður.

Í dómum *Hrd. 2003, bls. 1363 (449/2002) (Arnarvarp í Miðhúsaeyjum)* og *Hrd. 2000, bls. 280 (442/1999) (Hlutlæg ábyrgð skipstjóra)* reynir á viðvörunarsjónarmiðið en af því leiðir að „refsiheimildir mega ekki vera of almennar og óljósar þannig að þær séu ekki nægjanlega ótvíræðar og glöggar“ eins og segir í *Hrd. 2003, bls. 1363 (449/2002) (Arnarvarp í Miðhúsaeyjum)*.¹⁰⁴ Í ljósi þessa tveggja dóma, verður að telja að Hæstiréttur líti svo á að almennar varúðarreglur dugi ekki til sakfellingar þar sem þær fullnægja ekki kröfum um skýrleika refsheimilda. Leiðir af þessu að sé refsíákvæði of óljóst og of almennt sé strax komist að þeirri niðurstöðu að það teljist ekki fullnægja þeim kröfum sem gerðar til skýrleika og geti því ekki verið lagt til grundvallar refsíábyrgð.

¹⁰⁴ Róbert R. Spanó: „Stjórnaðskráin og refsíábyrgð (síðari hluti)“, bls. 41.

5 Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið leitast við að skoða vægi lögskýringargagna í dómum Hæstaréttar, sérstaklega hefur verið litið til vægi þeirra í ljósi túlkunarreglunnar þegar um er að ræða matskennd lagaákvæði eða lagaákvæði sem ekki uppfylla kröfu um skýrleika refsheimilda á sviði refsiréttar. Það er talið yfir allan vafa að almennt er heimilt að líta til lögskýringargagna þegar túlka á lagaákvæði, eins og ráða má af skrifum fræðimanna og hefur það einnig sýnt sig í réttarframkvæmd.¹⁰⁵ Ritgerðin leitast við að svara því, hvort einnig sé heimilt að líta til lögskýringargagna þegar um refsíákvæði er að ræða, þá sérstaklega þegar litið er til túlkunarreglunnar og reglunnar um skýrleika refsheimilda.

Fyrst í ritgerðinni var byrjað að skoða úrlausnir Hæstaréttar þegar um matskennd lagaákvæði er að ræða, sjá meðal annars *Hrd. 1990, bls. 1103 (Stöð 2)*. en þar lítur Hæstiréttur ekki til lögskýringargagna í úrlausn sinni heldur fellir háttsemi ákærða undir ákvæðið án frekari rökstuðnings. Í kjölfarið voru skoðaðir dómar þar sem Hæstiréttur beitir lögskýringargögnum í matskenndum ákvæðum. Þessir dómar bera með sér að túlkunarreglan hafi þar áhrif, sjá varðandi þetta *Hrd. 22. mars 2007 (331/2006) (Hugtakið vegur)* þar leit Hæstiréttur til lögskýringargagna sakborningi í hag, var hann eingöngu sýknaður vegna þess sem þar kom fram. Lögskýringargögnum er gefið mikið vægi í þessum dóm sakborning í hag.

Af dómum sem reifaðir eru í kafla 4.4.1 má ráða það að Hæstiréttur telji heimilt að líta til lögskýringargagna þegar um matskennd refsíákvæði er að ræða. Með túlkunarregluna í huga leiðir vægi þeirra þó til þess að aðilar í þeim dómum voru sýknaðir. Frávik frá þessu er þó *Hrd. 25. janúar 2007 (181/2006) (Baugur 1)* en í þeim dómi byggði Hæstiréttur einnig, líkt og í fyrri dómum á túlkunarreglunni sakborning í hag. Rétturinn fór þar í andstöðu við markmið sem kom fram í lögskýringargögnum. Erfitt er að draga af þeim dómum sem reifaðir eru í ritgerðinni um matskennd lagaákvæði, einhverja eina reglu sem gildir um vægi lögskýringargagna á sviði refsiréttar í dómum Hæstaréttar. Gefa verður þó niðurstöðunni í *Hrd. 25. janúar 2007 (181/2006) (Baugur 1)* meira vægi í ljósi aðferðarfræðinnar sem þar er beitt. Hins vegar er það ekki svo að ávallt eigi að túlka refsíákvæði þröngt sakborning í hag en það verður að gæta þess að ganga ekki of langt í þessum efnum.¹⁰⁶

Að lokum var skoðað vægi lögskýringargagna þegar reynir á regluna um skýrleika refsheimilda. Í henni felst að refsíákvæði verða að vera skýr og því er mjög takmarkað

¹⁰⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 116.

¹⁰⁶ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 434.

svigrúm að líta til lögskýringargagna við úrlausn Hæstaréttardóma þegar refsíákvæði uppfyllir ekki kröfuna um skýrleika refsíheimilda. Hæstiréttur hefur þó í einhverjum tilvikum talið það heimilt, sjá *Hrd. 2003, bls. 1363 (449/2002) (Arnarvarp í Miðhúsaeyjum)*. Í þeim dómi var refsíákvæðið ekki talið uppfylla kröfuna um skýrleika refsíákvæða, það var talið of almennt í ljósi laganna. Til stuðnings þeirrar niðurstöðu var litið til lögskýringargagna og aðili í kjölfarið sýknaður. Spurningarmerki verður að setja við þessa aðferðarfræði í ljósi viðurkenndra sjónarmiða við lögskýringu og telja að Hæstiréttur hefði frekar átt að túlka hugtakið lífsvæði þröngt og sýkna á þeim grundvelli.¹⁰⁷

Við ritgerðarskrif voru einnig skoðaðir margir dómur Hæstaréttar þar sem ekki var litið til lögskýringargagna í úrlausnum réttarins. Af því má draga þá ályktun, með hliðsjón af dómum sem hafa verið reifaðir í ritgerðinni, að í einhverjum tilvikum sé heimilt að líta til lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða á sviði refsiréttar, en við þær aðstæður ber að gæta varkárni.

¹⁰⁷ Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti)“, bls. 44.

HEIMILDASKRÁ

Alf Ross: *Om Ret og retfærdighed*. 3. útg. Nyt Nordisk Forlag. Kaupmannahöfn 1971.

Alþingistíðindi.

Aulis Aarnio: „On The Semantic Ambiguity of Legal Interpretation“. *Festskrift till Stig Strömholm*. Uppsölum 1997, bls. 25-33.

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*. Reykjavík 1989.

Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*. Reykjavík 1983.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*. 2. útgáfa. Reykjavík 1996.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: „Þróun refsiréttar í ljósi mannréttinda“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 2000, bls. 226-227.

Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabókin, með skýringum*. Reykjavík 2008.

Róbert R. Spanó: „Bann við afturvirkni refsilaga og grunnreglan um lögbundnar refsheimildir“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu - meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 266-285.

Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (fyrri hluti) – grunnreglan um lögbundnar refsheimildir“. *Tímarit lögfræðinga*. 1. hefti. 54. árg. 2004, 5-47.

Róbert R. Spanó: „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (síðari hluti) - meginreglan um skýrleika refsheimilda“. *Tímarit lögfræðinga*, 1. hefti. 55. árg. 2005, bls. 5-69.

Róbert R. Spanó: „Túlkunarregla refsiréttar“. *Afmælisrit. Jónatan Þórmundsson sjötugur*. Ritstj. Ragnheiður Bragadóttir. Reykjavík 2007, bls. 443-469.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Reykjavík 2007.

Skúli Magnússon *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar. Fimm ritgerðir í almennri lögfræði og réttarheimspeki*. Reykjavík 2003.

Skúli Magnússon: „Túlkun laga og vilji löggjafans“. *Rannsóknir í félagsvísindum VI lagadeild*. Ritstj. Róbert R. Spanó. Reykjavík 2005, bls. 353-387.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1949, bls. 132

Hrd. 1964, bls. 59

Hrd. 1984, bls. 855

Hrd. 1987, bls. 769

Hrd. 1990, bls. 1103

Hrd. 1999, bls. 2006 (41/1999)

Hrd. 2000, bls. 280 (442/1999)

Hrd. 2003, bls. 1363 (449/2002)

Hrd. 2005, bls. 1644 (510/2004)

Hrd. 2006, bls. 1880 (472/2005)

Hrd. 18. Janúar 2007 (458/2006)

Hrd. 25. janúar 2007 (181/2006)

Hrd. 22. mars 2007 (331/2006)

